

Stjórnarfundur BLÍ

Dags. 4. ágúst 2020 kl. 16:30

Skrifstofa BLÍ



BLAKSAMBAND
ÍSLANDS

Mæting:

Staður:

Grétar Eggertsson formaður	
Árni Jón Eggertsson, gjaldkeri	
Dagbjört Víglundsdóttir, varaformaður	Teams
Hrafnhildur Theódórsdóttir, ritari	Teams
Svandís Þorsteinsdóttir, meðstjórnandi	Teams
Steinn Einarsson, varastjórn	
Valgeir Bergmann, varastjórn	Teams
Ásthildur Gunnarsdóttir, varastjórn	Teams
Sævar Már Guðmundsson, framkv.stjóri	

Fundarefni

<ul style="list-style-type: none">Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
<ul style="list-style-type: none">Fjármál BLÍ
<ul style="list-style-type: none">Covid-19, Hæfileikabúðir, æfingar félaga og skilaboð frá BLÍ
<ul style="list-style-type: none">Super Cup, gjaldtaka, fyrirkomulag og skilaboð til félaga
<ul style="list-style-type: none">Afreksnefnd – Landsliðsmál
<ul style="list-style-type: none">Önnur mál
<ul style="list-style-type: none">Nýtt skipurit og skipulag BLÍ
<ul style="list-style-type: none">Samningaviðræður við Sideline og Genius

Grétar stjórnar fundinum og Sævar ritaði fundargerð

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none">Grétar.	<ul style="list-style-type: none">Lagt til að fundargerðin verði samþykkt.	<ul style="list-style-type: none">Samþykkt með áorðnum breytingum.

Fjármál BLÍ

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none">SævarÁrni Jón	<ul style="list-style-type: none">Uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði er á lokametrinum og niðurstaðan jákvæð.	<ul style="list-style-type: none">Stjórn fær lykiltölur á stjórnarfundum

•	• Umræða um afrekssjóð og möguleika til að nýta styrkinn.	• Ákveðið að eiga samtali við ÍSÍ um þessi mál.
•	• Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir formannafund í haust	• Gjaldkeri og framkvæmdastjóri vinna áfram í uppgjöri og fyrir lok ágúst koma með uppfærða áætlun á Fjármál sambandsins.

COVID-19

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
• Grétar	• Hæfileikabúðirnar til umræðu 14.-16. ágúst. Margir þættir sem snúa að, sérstaklega að þjálfarar koma erlendis frá og geta ekki tekið þátt mv. Núverandi reglur um sóttvarnir og heimkomu. Ljóst að taka verður ákvörðun fljótt því margir koma að og huga að ferðalagi og slíkt utan af landi. Rætt um hvort ætti að aflýsa eða fresta til betri tíma í haust.	• Ákveðið að funda með þjálfurunum og fá þeirra álit hvort halda eigi búðirnar eða ekki. Dagbjörtu og Sævari falið að funda með þjálfurum á morgun ásamt Gunnu Stínu f.h. Aftureldingar.
•	• Æfingar félaganna og skilaboð frá BLÍ. Þarf að koma því til félaganna að æfingabann sé núna til 13. Ágúst mv. Reglur almannavarna frá því á föstudag.	• Sævari falið að setja tilkynningu á heimasíðu BLÍ og senda tilkynningu í tölvupósti.
•	• Íslandsmót – skipulagning og plan B. Það er óvissa í gangi í samfélaginu og því ekkert hægt að sjá fyrir að svo stöddu. Rætt um að setja á reglugerð líkt og KSÍ	• Við fylgjumst áfram með en hægt að byrja á leiðbeiningabók fyrir félögin til að fara eftir og gefa út. Sævari falið í það verkefni að skoða hvernig önnur

	hefur gert ef þarf að aflýsa keppnistímabili og slíkt.	sérsambönd eru að gera.
•	<ul style="list-style-type: none"> Skólaverkefni BLÍ/CEV/UMFÍ Fræðslunefnd hefur verið skipuð: Hnikarr, Steinn, Velina Apostolova, Kristín Salín Þórhallsdóttir og Valþór Ingi Karlsson. 	<ul style="list-style-type: none"> Vinnan er komin af stað og verður vonandi hægt að halda mót í haust.

Super Cup

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none"> Grétar 	<ul style="list-style-type: none"> Valgeir hafði fengið jákvæð svör frá Akureyrarbæ um að halda mótið 11.-13. September. Eingöngu liðum í úrvalsdeild boðin þátttaka án þáttökugjalds. Mótið notað sem undirbúningsmót fyrir veturinn og dómurum boðin þátttaka til að hrista af sér sumarið. 	<ul style="list-style-type: none"> Sævar sendir út boð í vikunni með fyrirvara um að hægt verði að halda mótið m.t.t. sóttvarnaaðgerða almannavarna. Skráning liða fyrir 24. ágúst
•	<ul style="list-style-type: none"> Fyrirkomulagið þannig að leikið er í riðlum upp á 2 unnar hrinur en í úrslitum upp á þrjár unnar hrinur. 	<ul style="list-style-type: none"> Skráning liða segir til um fyrirkomulagið á endanum.
•	<ul style="list-style-type: none"> Rætt um aðra viðburði tengda mótinu, s.s. eins og dómaranámskeið og endurmenntun dómara. 	<ul style="list-style-type: none"> Sævari falið að teikna upp möguleika á uppsetningu.

Afreksnefnd - Landsliðsmál

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
<ul style="list-style-type: none"> Dagbjört 	<ul style="list-style-type: none"> Haldinn fundur um daginn og nefndin skipuð þeim Kristjáni Geir, Steini og Ásthildi. 	<ul style="list-style-type: none"> Fundurinn gekk vel og farið yfir breytt svið nefndarinnar.

•	<ul style="list-style-type: none"> Ekki mikið um mót sem við erum að senda landsliðin á en þó búið að senda skráningu í U16 kvk og U17 kk í EM. Þá er fyrirhuguð þátttaka í NEVZA mótunum í Danmörku (U17) og Finnlandi (U19) í október. Ekki staðfest hvort mótin verði yfir höfuð v/Covid19. 	<ul style="list-style-type: none"> Haldið áfram að fylgjast með gangi mála í Evrópu og hjá NEVZA sem og SCA.
•	<ul style="list-style-type: none"> Liechtenstein að bjóða báðum landsliðunum í keppni. Verið að leggja drög að mót vorið 2021 bæði í blaki og strandblaki sem kæmi í staðinn fyrir Smáþjóðaleika 2021 og 2023. 	<ul style="list-style-type: none"> Dagbjört tekur samtalið við Burkhard um m.a. þjálfara fyrir unglingslandsliðin en best er að klára það áður en tilkynnt er um þátttöku opinberlega. Hangir mikið saman með hæfileikabúðum einnig.

Önnur mál

Hver segir frá	Umræða	Næstu skref og ákvörðun
• Grétar	<ul style="list-style-type: none"> Nýtt skipurit BLÍ og skipulag sambandsin 	<ul style="list-style-type: none"> Unnið er í þessu áfram.
•	<ul style="list-style-type: none"> Samningaviðræður við Sideline byrja að nýju eftir sumarleyfi. 	<ul style="list-style-type: none"> Grétar er með þann bolta
•	<ul style="list-style-type: none"> Samningaviðræður við Genius um notkun mótakerfis frá Data Project. Um er að ræða endurnýjun samnings sem rann út síðastliðið vor. 	<ul style="list-style-type: none"> Grétar og Sævar taka fund með Brian Savoy um endurnýjun samningsins.
•	<ul style="list-style-type: none"> Félagaskiptamál: Hamar hefur skilað inn beiðni um félagaskipti sem hafa ekki verið samþykkt af fyrra félagi leikmanns frá Aftureldingu. Fram kom að Hamar hafi í tvígang fengið neitun á félagaskiptunum og 	<ul style="list-style-type: none"> Sævar tók á móti beiðninni þann 27. Júlí og samþykkti stjórn BLÍ að leitast eftir gögnum frá Aftureldingu til að meta málið innan stjórnar en ágreiningur virðist vera um skuld leikmannsins við félagið.

	biður stjórn um að aðstoða sig í því.	
<ul style="list-style-type: none"> • Valgeir Bergmann 	<ul style="list-style-type: none"> • Hjólreiðar með fréttir á RÚV íþróttum sem þeir taka upp sjálfir. Væri gaman ef við hefðum eitthvað slíkt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Hugmyndin með útsendingu okkar frá blakleikjum var alltaf að hægt væri að klippa til fréttaskot. Það hefur þó ekki farið neitt lengra.
<ul style="list-style-type: none"> • Grétar 	<ul style="list-style-type: none"> • SPORTTV hefur sent inn tilboð fyrir útsendingar í vetur. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ákveðið að skoða tilboðið betur og sjá hvort hægt sé að finna styrktaraðila.

Fleira var ekki rætt og ákveðið að stjórn verði í tölvupóstsamskiptum í ágúst mánuði v/Covid mála og kallað til fundar sé þörf á því, annars næsti fundur stjórnar þriðjudaginn 1. september.

Fundi slitið kl. 18:50

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð